

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hellu, 1977–1998 – iðnaðarsvæði við Dynskála.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Rangárvallahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 5. mars 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hellu 1977-1998, er staðfest var 2. febrúar 1980, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölgín í því að stækkað er iðnaðarsvæði austast í þéttbýlinu til norðausturs fyrir olubirgðastöð. Ennfremur færíst umferðartenging Dynskála við Þjóðveg nr. 1 til austurs.

Hreppsnefnd Rangárvallahrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfísráðuneytinu, 8. júlí 1997.

F. h. r.

Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

11. júlí 1997

SAMÞYKKT

Nr. 468

fyrir Veidifélag Hellisár.

1. Félagið heitir Veidifélag Hellisár í Skaftárhreppi. Heimili þess og varnarþing er það sama og formanns.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hellisá í Skaftárhreppi, allt að eystri mörkum jarðarinnar Holts, en þær eru Skaftárdalur I-III, Skál og Holt.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurskosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
6. Aðalfund skal halda í janúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. júlí 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 469

14. júlí 1997

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar er taki gildi 1. ágúst 1997.

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar nr. 163 3. mars 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Smásala.

4. gr.

Fast gjald greiðist af öllu hituðu húsnaði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bifreiðageymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnaðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnaði.

Fast gjald á mánuði = $F \times 12,08$ kr/m² ef F er minna en eða jafnt 130 m².

Fast gjald á mánuði = $1.570 + (F - 130) \times 7,27$ kr/m², ef F er stærra en 130 m².

5. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- Þeir sem greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: kr. 89,99 fyrir hvern rúmmetra vatns.
 - Þeir sem ekki greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: kr. 120,29 fyrir hvern rúmmetra vatns.
- Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

6. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða mánaðarlega:

Fyrir mæli með nafnrennsli undir 6m³/klst.: 277 kr./mán.

Fyrir mæli með nafnrennsli yfir 6m³/klst.: 497 kr./mán.

Iðnaðarráðuneytinu, 14. júlí 1997.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.